

Áfangalýsing – Félagsfræði



Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein:

FEL104

Fjöldi eininga:

4

Undanfari:

enginn

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur kynnist félagsfræðinni sem vísindagrein. Fjallað er um félagsfræðilega rannsóknarhefð og nemendur eiga að gera félagsfræðilega rannsókn. Þá eru samfélagsleg málefni eins og menning, trú, fjölskyldan, atvinnulíf og stjórnsmál skoðuð með gleraugum félagsfræðinnar.

Kennslugögn:

Garðar Gíslason. Félagsfræði 1 – Einstaklingur og samfélag.

Efni frá kennara.

Handbók um ritun og frágang, eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal.

Námsmat:

Einstaklings- og hópaverkefni: (40%)

Rannsóknarverkefni: (20%)

Kennaraeinkunn: (10%)

Kannanir: (30%)

Nemendur þurfa að ná 4.5 í meðaleinkunn þriggja kannanna og 4.5 í rannsóknarverkefni.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- samfélagi sínu nær og fjar
- gagnvirkni samfélags og einstaklings
- hugtakanotkun í félagsfræði
- félagsfræðilegum hugsunarhætti

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fjalla um samfélagið sitt
- skilja gagnvirkni samfélags og einstaklings
- mynda sér skoðanir á meðvitáðan og gagnrýninn hátt
- eiga samstarf og samskipti við aðra
- tjá félagsfræðilega þekkingu sína á munnlegan og skriflegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina tiltekna þætti í samfélagi sínu á félagsfræðilegan hátt
- kynna sér ofan í kjölinn tiltekið félagsfræðilegt rannsóknarefni
- þróa með sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- vinna rannsóknarverkefni samkvæmt félagsfræðilegri rannsóknarhefð
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt